

1. febrúar 2017

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - nóvember 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 61,6 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 17,9 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjufærðum stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 68 ma.kr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 97,6 ma.kr. samanborið við lækkun um 114,2 ma.kr. á árinu 2015, afborganir lána á tímabilinu námu 206,4 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – nóvember 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	568.203	577.565	682.896
Greidd gjöld	534.432	580.256	613.941
Tekjufærðir	33.771	-2.691	68.955
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	4.850	-15.255	-7.325
Handbært fé frá rekstri	38.621	-17.946	61.631
Fjárfestingahreyfingar	-15.774	8.484	-5.790
Hreinn lánsfjárfærðir	22.847	-9.462	55.841
Afborganir lána	-141.539	-162.801	-206.409
Innanlands	-31.136	-54.205	-138.902
Erlendis	-110.403	-108.596	-67.507
Lánsfjárfærðir brúttó	-118.692	-172.263	-150.569
Lántökur	183.045	58.025	52.982
Innanlands	66.607	58.025	52.982
Erlendis	116.438	0	0
Breyting á handbæru fé	64.353	-114.238	-97.587

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 682,9 ma.kr. fyrstu ellefu mánuði ársins sem er 18,2% aukning frá sama tímabili í fyrra. Réttari mynd fæst af þróun tekna ef leiðrétt er fyrir stöðugleikaframlögum en að þeim frátöldum námu tekjur ríkissjóðs 614,9 ma.kr. sem er 6,5% aukning milli ára. Þá námu skatttekjur og tryggingagjöld 553,4 ma.kr. sem er 6,6% aukning frá fyrra ári en aukninguna má einkum rekja til launahækkana og aukinnar einkaneyslu sem endurspeglast í hærri launasköttum og auknum tekjum af sköttum á vörur og þjónustu.



Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	504.125	519.020	553.417	17,2	3,0	6,6
Skattar á tekjur og hagnað	190.100	196.926	211.715	28,8	3,6	7,5
Tekjuskattur einstaklinga	105.616	114.289	136.429	7,7	8,2	19,4
Tekjuskattur lögaðila	52.782	46.733	46.361	84,0	-11,5	-0,8
Skattur á fjármagnstekjur	31.702	35.904	28.925	52,5	13,3	-19,4
Eignarskattar	14.037	7.643	7.827	8,2	-45,6	2,4
Skattar á vöru og þjónustu	198.571	212.898	237.203	5,8	7,2	11,4
Virðisaukaskattur	132.401	147.084	167.222	7,8	11,1	13,7
Vörugjöld af ökutækjum	4.573	6.422	7.855	10,9	40,4	22,3
Vörugjöld af bensíni	10.913	11.049	11.285	1,5	1,2	2,1
Skattar á olíu	6.862	7.433	8.605	5,0	8,3	15,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	16.522	16.915	19.403	5,6	2,4	14,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	27.300	23.995	22.833	-2,2	-12,1	-4,8
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	5.214	5.289	4.435	10,4	1,4	-16,1
Aðrir skattar	30.263	25.288	14.223	101,0	-16,4	-43,8
Tryggingagjöld	65.941	70.976	78.014	6,3	7,6	9,9
Fjárframlög	270	267	284	-7,8	-1,1	6,3
Aðrar tekjur	62.397	57.854	60.058	25,1	-7,3	3,8
Sala eigna	1.412	423	1.137	-	-	-
Tekjur alls án stöðugleikaframlaga	568.203	577.565	614.896	18,1	1,6	6,5
Tekjufærð stöðugleikaframlög	.	.	68.000	.	.	.
Tekjur alls með stöðugleikaframlögum	.	.	682.896	.	.	18,2

Tekjuskattur einstaklinga nam 136,4 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 19,4% aukning frá fyrra ári. Tekjur af skattstofninum aukast milli ára þrátt fyrir lækkun á skatthlutfalli lægsta og miðþreps í ársbyrjun 2016, sem skýrist af bæði almennum launahækkunum og háu atvinnustigi. Jafnframt voru launahækkarnir og aukning vinnuafseftirspurnar meiri en fyrirséð var við gerð fjárlaga sem skýrir jákvætt 10,5% frávík frá fjárlagaáætlun. Tekjuskattur lögaðila nam 46,4 ma.kr. sem er 0,8% lækkun frá fyrra ári. Niðurstöður úr álagningu tekjuskatts lögaðila vegna rekstrarársins 2015 frá í október eru í góðu samræmi við undirliggjandi forsendur en 4,5 ma.kr. endurgreiðsla á sérstökum fjársýsluskatti, sem telst til tekjuskatts lögaðila, í kjölfar endurálagningar hefur áhrif til lækkunar og skýrir að stórum hluta neikvætt 6,9% frávík frá áætlun. Þá nam fjármagnstekjuskattur 28,9 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 21 ma.kr. Árleg endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts til lögaðila fór fram í nóvember og jókst um 40,7% frá fyrra ári. Að teknu tilliti til hennar hefur fjármagnstekjuskattur (frá öðrum en ríkissjóði) dregist saman um 27% frá fyrra ári og var 19% undir áætlun.

Eignarskattar námu 7,8 ma.kr. og þar af námu stimpilgjöld 4,2 ma.kr. og erfðafjárskattur 2,8 ma.kr. Eignarskattar voru 17,5% umfram áætlun, sem má einkum rekja til aukinnar veltu á fasteignamarkaði og 16% aukningar tekna af stimpilgjaldi. Samanlagt jukust eignarskattar þó aðeins um 2,4% milli ára þar auðlegðarskattur skilar ekki lengur þeim eftirstöðvatekjum sem hann skilaði í á árinu 2015, en hann var afnuminn í ársbyrjun 2015.



Skattar á vöru og þjónustu námu 237,2 ma.kr. fyrstu ellefu mánuði ársins sem er 11,4% aukning frá fyrra ári. Þar af nam virðisaukaskattur 167,2 ma.kr. sem er 13,7% aukning milli ára og 8,2% umfram upphaflega áætlun tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist m.a. af aukinni einkaneyslu og fjölgun ferðamanna. Virðisaukaskattskyld velta í ferðaþjónustutengdri starfsemi hefur aukist umtalsvert milli ára, annars vegar vegna fjölgunar ferðamanna og hins vegar vegna kerfisbreytingar í ársbyrjun þegar farþegaflutningar og ýmissi skyldri starfsemi varð fyrst virðisaukaskattskyld í neðra þrepi.

Vörugjöld af ökutækjum námu alls 7,9 ma.kr. sem er 21% umfram áætlun. Frávikið má rekja til mikillar aukningar á nýskráðum bifreiðum en samkvæmt Samgöngustofu hefur þeim fjölgað um rúmlega 40%. Í ljósi þess að nýir bílar verða sífellt kolefnisvænni þá aukast tekjur af vörugjaldinu ekki jafn mikið, eða um 22% milli ára, þar sem gjaldið tekur mið af losun. Vörugjöld af eldsneyti aukast einnig milli ára og námu samanlagt 19,9 ma.kr. sem er 7,6% aukning frá fyrra ári.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 19,4 ma.kr. fyrstu ellefu mánuði ársins. Þar af var áfengisgjald alls 14 ma.kr. sem er 22,3% aukning frá fyrra ári sem skýrist annars vegar af 5,4% aukningu á sölu áfengis og hins vegar af kerfisbreytingu í byrjun árs 2016 þegar gjaldið var hækkað samhliða lækkingu á virðisaukaskatti. Jafnframt var gerð breyting á uppgjörstímabili áfengisgjalds sem var lengt úr hálfum mánuði í mánuð sem skýrir 6% frávik frá áætlun fjárlaga þar sem innheimtutímabilið er hálfum mánuði styttra en fyrir séð var. Tóbaksgjald er óbreytt frá fyrra ári og nam alls 5,4 ma.kr. sem er 2,6% undir áætlun.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu alls 4,4 ma.kr. sem er 16% samdráttur frá fyrra ári. Samdrátturinn skýrist af afnámi tolla af m.a. fötum og skóm í ársbyrjun 2016. Hins vegar hefur samdrátturinn verið minni en áætlað var og tekjur af tollum voru 30,7% umfram áætlun fyrstu ellefu mánuði ársins sem má rekja til meiri innflutnings, þá sérstaklega á matvælum og drykkjarvörum, en áætlað var.

Aðrir skattar námu samtals 14,2 ma.kr. sem er tæplega 44% samdráttur frá sama tíma í fyrra. Samdrátturinn skýrist af minni tekjum af bankaskatti en ólíkt undanförunum árum var ekki lagður bankaskattur á slitabúin árið 2016.

Tryggingagjald nam alls 78 ma.kr. og var 1,6% umfram áætlun. Tekjur tryggingagjalds jukust um 10% frá fyrra ári þrátt fyrir að gjaldið hafi verið lækkað um 0,5 prósentustig í júlí sl. Aukningin endurspeglar bæði almenna launahækkun og meiri atvinnu en launavísitalan hefur hækkað um 9,7% milli ára og fjöldi starfandi einstaklinga hefur aukist um 6,2% skv. vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu.

Aðrar tekjur námu alls 60 ma.kr. sem er 3,8% aukning milli ára. Helming þeirra tekna má rekja til arðgreiðslna og tekna frá ríkisfyrirtækjum, alls 31,6 ma.kr., og ber þar hæst arðgreiðslu frá Landsbankanum sem nam alls 28,3 ma.kr. Þá námu veiðigjöld 7,7 ma.kr. og vaxtatekjur 12 ma.kr.

Stöðugleikaframlög frá slitabúum hafa runnið til ríkissjóðs í ýmsum formum og nam bókfærð innheimta þeirra alls 68 ma.kr. Þar af voru 17 ma.kr. vegna þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 51 ma.kr. var í mars og júní notaður til niðurgreiðslu á láni frá Seðlabanka Íslands. Hafa ber í huga að hér kemur aðeins fram sá hluti stöðugleikaframlagsins sem hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti, en stærstur hluti þess auk hliðaráhrifa á aðrar tekjur, er aðgreindur frá hefðbundnu tekjuþppgjöri ríkissjóðs.

Greidd gjöld námu 613,9 ma.kr. og jukust um 33,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,8% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.



Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar – nóvember 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	72.023	73.202	68.752	2,1	1,6	-6,1
Almenn opinber þjónusta	46.121	49.162	54.493	0,5	6,6	10,8
Almannatryggingar og velferðarmál	124.401	126.544	132.064	0,5	1,7	4,4
Heilbrigðismál	125.314	136.247	151.288	7,5	8,7	11,0
Efnahags- og atvinnumál	57.469	78.452	79.527	8,7	36,5	1,4
Menntamál	48.764	52.170	56.052	2,9	7,0	7,4
Menningar- og félagsmál	16.267	17.252	18.957	1,3	6,1	9,9
Lög- og réttargæsla	20.633	21.171	22.308	4,6	2,6	5,4
Önnur útgjöld	23.441	26.056	30.499	16,0	11,2	17,1
Gjöld alls	534.432	580.256	613.941	4,2	8,6	5,8

Almenn opinber þjónusta hækkar um 5,3 ma.kr. milli ára eða 10,8%. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 2,3 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 1,9 ma.kr. á milli ára og þar af eru kosningar með um 0,5 ma.kr og Rannsóknarsjóður með 0,7 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Útgjöld vegna efnahags- og atvinnumála námu um 79,5 ma.kr. og jukust um 1,1 ma.kr. eða 1,4% frá fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðismála eru 3,8 ma.kr. lægri en á sama tímabili árið áður. Aukning útgjalda milli ára vegna samgöngumála er 1,0 ma.kr og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum er 0,9 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 151,3 ma.kr. og jukust um 15,0 ma.kr. milli ára eða um 11,0%. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkrahúsþjónustu sem jókst um 6,7 ma.kr., sem er 11,3% aukning, þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 5,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 4,3 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,7 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 56,1 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 3,8 ma.kr. eða 7,4% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 5,3% á milli tímabila eða um 1,1 ma.kr. og framlög til háskóla hækka um 7,8% eða 2,1 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 132,1 ma.kr. og aukast um 5,5 ma.kr. eða 4,4%. Framlög til aldraðra aukast um 3,5 ma.kr. Þar af eru lífeyristryggingar að aukast um 4,7 ma.kr. Örorkubætur aukast um 5,3 ma.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 4,5 ma.kr. á tímabilinu eða 17,1%, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 8,0 ma.kr. sem er hækkun um 0,7 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 14,3 ma.kr. og hækkuðu um 2,7 ma.kr á milli ára.



Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – breyting milli ára janúar - nóvember 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi		Br. frá
	hv. árs		fyrri ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	3.830	4.356	13,7
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	9.805	10.293	5,0
Utanríkismál	10.295	10.422	1,2
Önnur almenn opinber þjónusta	8.868	10.731	21,0
Fjármagnskostnaður	73.202	68.752	-6,1
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	16.365	18.691	14,2
Almenn opinber þjónusta	122.364	123.245	0,7
Lög- og réttargæsla	21.171	22.308	5,4
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	6.083	6.484	6,6
Landbúnaðarmál	13.061	13.319	2,0
Samgöngumál	24.904	25.868	3,9
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	5.059	5.968	18,0
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	19.501	15.623	-19,9
Önnur efnahags- og atvinnumál	9.844	12.266	24,6
Efnahags- og atvinnumál	78.452	79.527	1,4
Lyf og lækningavörur	16.742	18.102	8,1
Heilsugæsla	29.012	33.308	14,8
Sjúkrahúsþjónusta	59.117	65.815	11,3
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	27.128	29.550	8,9
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	4.248	4.514	6,3
Heilbrigðismál	136.247	151.288	11,0
Menningarmál	7.832	8.668	10,7
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	9.420	10.290	9,2
Menningar- og félagsmál	17.252	18.957	9,9
Framhaldsskólastig	21.612	22.757	5,3
Háskólastig	26.473	28.526	7,8
Önnur menntamál	4.084	4.769	16,8
Menntamál	52.170	56.052	7,4
Örorka og fötlun	32.327	37.594	16,3
Öldrun	45.389	48.871	7,7
Fjölskyldur og börn	22.799	21.935	-3,8
Atvinnuleysi	10.982	9.636	-12,3
Vaxtabætur	7.207	5.287	-26,6
Önnur trygginga- og velferðarmál	7.839	8.741	11,5
Almannatryggingar og velferðarmál	126.544	132.064	4,4
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	11.553	14.252	23,4
Fjármagnstekjuskattur	7.242	7.955	9,8
Annað	7.262	8.293	14,2
Önnur útgjöld	26.056	30.499	17,1
Gjöld alls	580.256	613.941	5,8



Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 55,8 mkr. en á sama tímabili á síðasta ári var hann neikvæður um 9,4 ma.kr. Á tímabilinu námu afborganir lána 206,4 mkr. til samanburðar við 162,8 mkr. á síðasta ári. Stærstur hluti afborgana var af innlendum lánum eða tæpir 139 mkr. Tekjum vegna stöðugleikaframlaga að fjárhæð 51 mkr. var ráðstafað til niðurgreiðslu skulda, 25 mkr. voru greiddir inn á skuldabréf Seðlabanka Íslands og um 26 mkr. var ráðstafað til uppkaupa á RIKH 18, en sá flokkur var gefinn út til endurfjármögnunar fjármálastofnana. Í nóvember keypti ríkissjóður til baka 10 mkr. til viðbótar af RIKH 18. Í október var síðan gjalddagi á óverðtryggða skuldabréfaflokknum RIKB 16, alls um 70 mkr. Erlendar afborganir skýrast af láni í Bandaríkjadöllum sem var á gjalddaga í júní, 62 mkr., og aðrar erlendar afborganir skýrast af láni í breskum pundum sem var á gjalddaga í byrjun árs. Lántökur tímabilsins námu 52,9 mkr. til samanburðar við 58 mkr. á sama tímabili í fyrra. Lántökur tímabilsins voru allar innlendar.